

Starfsfólk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga: f.v. Hermann Sæmundsson, nýráðinn skrifstofustjóri sveitarstjórnarsviðs í félagsmálaráðuneytinu, Húnbogi Þorsteinsson, formaður stjórnar Jöfnunarsjóðs, Elin Pálsdóttir, forstöðumaður Jöfnunarsjóðs, og Elin Gunnarsdóttir, deildarsérfræðingur.


## Endurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Eins og áður hefur komið fram starfar nefnd á vegum félagsmálaráðherra við endurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Upphaflega var áætlað að nefndin myndi skila tillögum sínum í september en vegna umfangs starfsins hefur félagsmálaráðherra ákveðið að gefa nefndinni lengri tíma til tillögugerðar.

Nefndin stefnir að því að ljúka heildarendurskoðun á III. kafla laganna um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, er fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í lok janúar og er því heildartillagna að vænta frá nefndinni fljótlega upp úr því. Gert er ráð fyrir að væntanlegar lagabreytingar taki gildi um áramótin 2002-2003. Hins vegar má vænta ákveðinna breytinga á tilteknum reglugerðarákvæðum þegar um næstu áramót.

Störf nefndarinnar hafa beinst að því að yfirfara reglugerðir sjóðsins með tilliti til áhrifa úthlutunarreglna á fjármál og rekstur sveitarfélaga og hafa þar sameinuð sveitarfélög verið til sérstakrar skoðunar. Ljóst er að sjóðurinn gegnir töluverðu hlutverki við fjármögun verkefna sveitarfélaga ekki síst hvað minni sveitarfélögin varðar, en framlög til þeirra er mun hærra sem hlutfall af heildartekjum

en til stærri sveitarfélaga. Frá árinu 1990 hefur hlutverk sjóðsins verið aukið verulega, bæði hafa verkefni verið flutt til sveitarfélaga á tímabilinu og breytingar gerðar á tekjustofnum þeirra. Umrædd þróun lýsir sér best á meðfylgjandi mynd, sem sýnir framlög sjóðsins skipt eftir tegundum framlaga frá árinu 1991 (verðl. 2001).



Áætlað er að framlög sjóðsins fari yfir 9 milljarða á árinu 2001, samanborið við rúma 2,5 milljarða árið 1991. Þá hefur nefndin einnig leitað álits sveitarstjórna á endurskoðuninni og hafa viðtökur við því verið góðar. Formaður nefndarinnar er Magnús Stefánsson, alþingismaður.



F.v. Magnús Pétursson, forstjóri Landspítala-háskólasjúkrahúss, Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Páll Pétursson, félagsmálaráðherra, og Þór G. Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu Reykjaness og nýráðinn skrifstofustjóri fjölskyldusviðs í félagsmálaráðuneytinu.

## Nýr samningur um þjónustu við fatlaða

Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Páll Pétursson, félagsmálaráðherra, undirrituðu þann 24. janúar sl. samkomulag um þjónustu við íbúa sem um árabíl hafa verið vistaðir á Landspítala - háskólasjúkrahúsi í Kópavogi. Tuttugu íbúar sem búa í fjórum sambylum í fjölbylishúsi við Kópavogsbraut, sem tilheyrir Landspítala - háskólasjúkrahúsi, njóta nú þjónustu fyrir fatlaða á vegum félagsmálaráðuneytis í stað heilbrigðisráðuneytis. Eigi síðar en 1. maí 2003 munu allir íbúarnir í fjölbylishúsinu hafa eignast nýtt heimili á höfuðborgarsvæðinu. Samráð verður haft við íbúana og aðstandendur þeirra um flutninginn og leitast verður við að hann valdi sem minnstri röskun á daglegu lífi þeirra. Þetta er meginatriði samkomulagsins sem ráðherrarnir undirrituðu.

Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Reykjanesi mun fyrst um sinn annast þjónustu við íbúana. Sambylin verða rekin í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Starfsmönnum sambyllanna í fjölbylishúsinu var öllum boðið starf hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Áunnin réttindi starfsmanna haldast við tilfærslu milli vinnuveitenda við gerð nýrra ráðningarsamninga.

Félagsmálaráðuneytið hefur frá árinu 1995 tekið við þjónustu 40 fyrrum vistmanna á Landspítala - háskólasjúkrahúsi í Kópavogi og með þessu samkomulagi munu 60 einstaklingar hafa útskrifast og njóta þar með þeirrar þjónustu sem fólki stendur til boða hjá ríki og sveitarfélögum.

### Unnið að tillögum Biðlistanefndar

Nefnd sem lagði mat á þörf fyrir ný úrræði í málaflokki fatlaðra taldi að það vantaði 80 ný rými á sambylum í Reykjavík og á Reykjanesi og síðan 40 rými til dagþjónustu, jafnframt þyrfti að taka tillit til nýliðunar á tímabilinu. Eins og flestum er kunnugt er nú unnið samkvæmt tillögum þessarar nefndar í málefnum fatlaðra um eyðingu biðlista eftir sambylum fyrir lok ársins 2005. Framlög til málaflokks fatlaðra hafa aukist til muna á undanförunum árum og ljóst er að enn þarf að herða röðurinn til þess að takmarkinu verði náð. Á fjárlögum ársins 2001 voru veittar 3.820 m.kr. til málaflokksins og í fjárukalögum ársins 2001 voru veittar 90 m.kr. eða alls 3.910 m.kr. á árinu 2001. Á árinu 2002 er gert ráð fyrir 4.628 m.kr. til málaflokksins.

Neikvæð og villandi umræða hefur verið um aðgerðarleysi stjórnvalda í málaflokknum, sem er mjög miður. Slík umræða er ekki til góðs og hjálpar ekki við það að bæta imynd málaflokksins í samfélaginu. Ný úrræði í málaflokki fatlaðra á árinu 2002 eru eftirfarandi:

Reykjavík: 3 sambylli, þar af tvö sérhæfð fyrir mikið fatlaða einstaklinga, og ein ný skammtíma-vistun sem mun þjónusta um 30 manns.

Reykjanes: 4-5 sambylli í tengslum við útskriftir af Kópavogshæli. 1 sambylli við Blikaás í Hafnarfirði.

Úrræðum fjölga því alls um 73 í málaflokki fatlaðra á árinu 2002

# Frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga

Frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga hefur nú verið endurflutt á yfirstandandi þingi. Það var flutt á síðasta þingi og afgreitt úr félagsmálanefnd. Frumvarpið fékk góðar viðtökur á síðasta þingi en ekki náðist að afgreiða það fyrir þinglok.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á núgildandi lögum. Í frumvarpinu er að finna reglur um rétt útlendinga hér á landi til atvinnu að ákvæðnum skilyrðum uppfylltum. Frumvarpinu er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni. Frá gildistöku núgildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga hafa miklar breytingar orðið á íslenskum vinnumarkaði. Eftirspurn eftir erlendu

vinnuafli hefur stóraukist síðustu ár og má rekja það til mikillar þenslu á vinnumarkaði. Þá hefur einnig orðið sú breyting að þeir útlendingar sem hingað koma til vinnu dvelja hér lengur en áður var og reynir því oftar á rétt fjölskyldu þeirra til dvalar og atvinnu í landinu. Erlendum ríkisborgurum hefur jafnt og þétt fjölgað í landinu frá árinu 1996 og í upphafi þessa árs voru erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi 8.824, en það er 3,1% af íbúatölu landsins. Hlutfall erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði hefur vaxið úr 2,7% í upphafi árs 1998 í 4,2% í upphafi ársins 2001.

**Árið 2000 var metár í veitingu atvinnuleyfa og eru hér að störfum yfir 4000 einstaklingar með atvinnuleyfi.**

## Helstu nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Heimilt er að víkja frá skilyrði um umsögn stéttarfélags þegar ekki er til að dreifa stéttarfélagi eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.
2. Atvinnurekandi skal samkvæmt frumvarpinu sjúkra-tryggja erlendan starfsmann sinn þar til hann nýtur verndar samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga.
3. Atvinnurekandi skal undir sérstökum kringumstæðum ábyrgjast greiðslu vegna heimflutnings starfsmanns.
4. Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.
5. Framkvæmd vegna útgáfu heilbrigðisvottorða verði breytt þannig að tekin verða gild erlend vottorð ef þau eru fullnægjandi samkvæmt reglugerð á grundvelli laganna og sóttvarnalaga nr. 19/1997.
6. Í frumvarpinu er heimildarákvæði um að veita nánustu aðstandendum útlendinga tímabundið atvinnuleyfi, enda hafi hann fengið búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi.
7. Í frumvarpinu er heimildarákvæði um að veita tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli bráðabirgðadvalarleyfis vegna útlendinga, sem sótt hefur um hæli, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisúmsóknina, svo og vegna útlendinga sem fengið hefur endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi, þar til brottvísun kemur til framkvæmda.
8. Með frumvarpinu er, ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, heimilt að víkja frá þeirri meginreglu að tímabundið atvinnuleyfi skuli ætíð liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta sinn til starfa hér á landi.
9. Í frumvarpinu er sérstakt ákvæði um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu.
10. Í frumvarpinu er heimild til að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða skil-

- að útlendinga sem hefur verið giftur Íslendingi a.m.k. tvö ár, enda hafi viðkomandi átt lögheimili í landinu samfellt í a.m.k. tvö ár.
11. Í frumvarpinu er heimilt að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða andlát íslensks maka útlendinga.
12. Kveðið er á um að víkja megi frá því skilyrði við veitingu óbundins atvinnuleyfis þegar liggja fyrir tíma- bundið atvinnuleyfi, ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið námi.
13. Í frumvarpinu er kveðið á um samráðsnefnd Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.
14. Lagt er til að skipuð verði samstarfsnefnd sem taki á almennum álitamálum varðandi útgáfu atvinnuleyfa og fjalli um beiðnir sem berast til Vinnumálastofnunar vegna atvinnuleyfa til hópa.
15. Í a-lið 11. gr. er lagt til að útlendingar þurfi að hafa átt lögheimili og dvalið samfellt hér á landi í þrjú ár til að fá óbundið atvinnuleyfi.
16. Heimilt er að víkja frá skilyrðum fyrir veitingu óbundins atvinnuleyfis ef um er að ræða maka útlendinga sem er með óbundið atvinnuleyfi hér á landi eða uppkomin börn hans.

Endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga hefur tekið nokkuð mið af frumvarpi til laga um útlendinga. Í frumvarpinu hefur einnig verið tekið tillit til þeirrar almennu þróunar sem orðið hefur á löggjöf á sviði stjórnsýsluréttar, mannréttinda og í alþjóðlegu samstarfi.

# Áhrif breytinga á brunabótamati á lántöku vegna íbúðakaupa

Í september sl. gekk í gildi endurmat brunabótamats Fasteignamats ríkisins. Áhrif þess var m.a. að brunabótamat eldri eigna lækkaði almennt. Vegna þessa ákvað félagsmálaráðuneytið að breyta eldri viðmiðun við lántöku vegna íbúðakaupa. Breyting var gerð 1. september síðastliðinn og hætt að miða húsbrefalánið við 65 eða 70% af brunabótamati og farið að miða við 65% eða 70% af kaupverði íbúðar, en lánið skal þó rúmast innan 85% af brunabótamati. Með þessu móti hefur náðst að upphæfja að mestu þau áhrif

sem boðuð breyting á brunabótamati í september sl. hefði að óbreyttu á útlán Íbúðalánasjóðs. Miklar umræður urðu samfara þessum breytingum hjá hagsmunaaðilum sem töldu að með þessari breytingu myndi stór hluti íbúðareiganda á höfuðborgarsvæðinu sitja uppi með illseljalegar eignir. Rökstuðningur fasteignasala var sá að þar sem brunabótamat fasteigna væri orðið svo lágt, eftir breytingar á brunabótamati, væri of skammt gengið af hálfu félagsmálaráðherra í breytingum á lánviðmiðunum að líkja

mætti því við eignaupptöku hjá fólki. Þessum rökum var hafnað af hálfu félagsmálaráðherra. Nýlega var athugað hvort viðmiðin við 85% af brunabótamati skerti einhver lán hjá Íbúðalánasjóði. Þær upplýsingar fengust að þau tilfelli kæmu fyrir í algjörum undantekningartilfellum, minna en 1% lána frá 1. september skertist af þeim sökum, menn rækju sig fyrr á hámarkslánþakíð. Það er því ljóst að sá áróður sem rekinn var af hálfu fasteignasala var tilhæfulaus og hefur verið á húsnæði haldist í jafnvægi frá þessari breytingu.



Magnús L. Sveinsson formaður VR, Páll Pétursson félagsmálaráðherra og Elín R. Lindal formaður Jafnréttisráðs

## Jafnréttisverðlaun 2001

Jafnréttisverðlaun voru afhent við hátíðlega athöfn í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu föstudaginn 26. október sl. Að þessu sinni var það Verzlunarmannafélag Reykjavíkur sem hlaut verðlaunin. Það var Páll Pétursson félagsmálaráðherra sem afhenti verðlaunin, en þetta er í tíunda sinn sem þessi viðurkenning er veitt fyrirtækjum, félagsamtökum eða einstaklingum sem hafa verið brautryðjendur í jafnréttismálum hér á landi. Formaður Jafnréttisráðs Elín Líndal flutti erindi við þetta tilefni, en Elín hefur gengt starfi formanns Jafnréttisráðs sl. sex ár. Magnús L. Sveinsson formaður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur tók við jafnréttisviðurkenningunni, en að því loknu fluttu



Gunnar Gunnarsson píanóleikari og Anna Pálína Árnadóttir söngkona

þau Gunnar Gunnarsson píanóleikari og Anna Pálína Árnadóttir söngkona vísatónlist við góðar undirtektir gesta.